



Ungir
Umhverfissinnar

HANDBÓK

UM HAGSMUNAGÆSLU FYRIR UMHVERFIÐ



Ungir
Umhverfissinnar



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið

Sérstakar þakkir

Við viljum þakka öllum sem hafa hjálpað til og lesið yfir þessa handbók, sérstaklega stjórn og meðlimum félagsins. Einnig viljum við þakka Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir að veita styrk til verkefnisins.

Höfundar:

Pétur Halldórsson & Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Hönnun og umbrot:

Axel F Friðriks og Eyvindur Einar Guðnason

1. ÚTGÁFA 22. JÚNÍ 2020

ISBN: 978-9935-9538-0-3

LEIÐBEININGAR

FYRRI BLAÐSÍÐA

NÆSTA BLAÐSÍÐA

← KAFLAHOPP Í VINSTRI FLIPA

**SMELTU Á KAFLA
Í EFNISYFIRLITI TIL AÐ FLAKKA**

● **HLEKKUR Í ATRÍÐISORÐASKRÁ**

● **HLEKKUR Á VEFSÍÐU**

**SMELTU Á BLAÐSÍÐUTAL
Í ATRÍÐISORÐASKRÁ TIL AÐ
FARA AFTUR TIL BAKA**

01

Inngangur

Kæri lesandi

Fyrir hvern er þessi handbók?

Hvað er hagsmunagæsla fyrir umhverfið?



02

Umhverfismál á Íslandi

Hverjir hafa áhrif á umhverfismál?

Kortlagning umhverfismála

Lög og reglur umhverfismála

Lýðræðislegt lögmæti

Ísland í alþjóðasamhengi

03

Ungir umhverfissinnar

Einkenni félagsins

Samskipti við aðra aðila

04

Hagsmunagæsla

Forgangsröðun

Staðreyndir og sjónarmið

Lýðræðispátttaka

Áhrif á samfélagsumræðu með miðlun upplýsinga

Hagsmunagæsla fyrir umhverfið á heimsvísu

Lokaorð

Inngangur



ÁHERSLUR

Tilgangur handbókarinnar

Dæmi um hvað má finna í handbókinni

Stutt útskýring á hugtakinu hagsmunagæsla

Kæri lesandi

Ungir umhverfissinnar voru stofnaðir sem **frjáls félagasamtök** árið 2013 og hafa allar gótur síðan beitt sér fyrir umbótum á sviði **umhverfismála**. Þessi handbók byggir á þeirri reynslu og þekkingu sem við, höfundar, höfum aflað okkur í gegnum starfið. *Gott er að hafa í huga að sú nálgun og aðferðafræði sem kemur hér fram mun þróast með tíð og tíma.* Einnig ber að nefna að þessi handbók felur ekki í sér leiðbeiningar um hvernig sinna skuli einstökum verkefnum heldur er þetta yfirlit yfir þá nálgun sem við höfum tileinkað okkur til að hafa jákvæð áhrif á umhverfismál.

Dæmi um það sem finna má í bókinni:

- ~ Hvernig skrifa skal formlega umsögn
- ~ Hvernig ungt fólk getur aukið trúverðugleika sinn og áhrif gagnvart **stjórnvöldum**
- ~ Hvað **stýrinet** og lýðræðislegt lögmæti eru

Dæmi um það sem ekki má finna í bókinni:

- ~ Hvað er rétt eða rangt í umhverfismálum
- ~ Hvernig hinn almenni neytandi getur keypt umhverfisvænni vörur
- ~ Hvernig fyrirtæki geta sýnt meiri samfélagslega ábyrgð



Fyrir hvern er þessi handbók?

Hugtakið hagsmunagæsla getur fyrir mörgum virst fráhrindandi og það er auðvelt að gera ráð fyrir að það sé of flókið til að gefa nánari gaum. Tilgangur þessarar handbókar er að gera hagsmunagæslu aðgengilega og skiljanlega fyrir ungt fólk sem vill eiga góða framtíð og beita sér fyrir kerfislægum breytingum á sviði umhverfismála. Allt mannkyn þarf að taka þátt í samtalinu um það hvernig við tökumst á við þessar áskoranir og sjónarmið ungs fólks þurfa sérstaklega að komast á framfæri. Þetta er vegna þeirrar einföldu staðreyndar að ungt fólk mun finna mest fyrir afleiðingum þess hvernig við umgöngumst jörðina í dag. Mannkynið er núna í tilvistarkreppu vegna þess að okkur hefur tekist að ógna eigin velsæld með því að ganga of hart að náttúrunni og þar af leiðandi að grundvelli allra lífsgæða. Hreint loft og vatn eru ekki lengur sjálfsagðir hlutir, fæðuöryggi er ógnað og aðgangur að náttúru er takmarkaður.

Slíkt kippir stoðum undan því að við getum sinnt grunnþörfum okkar, bæði líkamlegum og andlegum. Við verðum að muna að mannkynið er ekki eina lífveran á jörðinni og gjörðir okkar hafa áhrif á alla náttúruna, bæði lífríki og jarðfræði.

Það getur hinsvegar verið flókið og erfitt fyrir ungt fólk að láta rödd sína heyrast og hafa áhrif á ákvarðanatöku í samfélaginu, ekki síst varðandi umhverfismál. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Ungra umhverfissinna á **aðkomu ungs fólks að umhverfistengdum skipulagsmálum** (*Ársskýrsla, 18-'19, viðauki III*) hefur lítill hluti ungs fólks vitneskju, þekkingu eða reynslu af lýðræðisþáttöku í umhverfistengdum **skipulagsmálum**. Þrátt fyrir það hefur stór hluti ungs fólks áhuga og vilja til að tjá sjónarmið sín um umhverfistengd skipulagsmál og þessi handbók er okkar leið til að bregðast við þeirri þörf.

Hvað er hagsmunagæsla fyrir umhverfið?

Til að svara því skulum við muna að hlutverk umhverfisverndarsamtaka er að stuðla að betri umgengni samfélagsins við umhverfið, t.d. með fræðslu, vitundarvakningu og aðhaldi með stjórnvöldum og **atvinnulífi**. Náttúran getur ekki tjáð sig og því verðum við að gæta hagsmuna hennar líkt og þegar hagsmuna barna er gætt. Einnig áttum við okkur á því að okkar eigin hagsmunir byggja á náttúrunni. Þetta samtal, sem snýst að miklu leyti um samskipti við stjórnvöld, er það sem felst í hagsmunagæslu. Þetta getur verið krefjandi viðfangsefni og það er oft erfitt að álykta hvað nákvæmlega sé gott fyrir umhverfi og samfélag. Oft virðast þessir hagsmunir stangast á. Lausnir þurfa að vera vel ígrundaðar og við þurfum sífellt að beita rökhugsun og samkennd til að veða og meta hvað sé best í stöðunni hverju sinni. Allt snýst þetta um að halda inngrípum í náttúruna í lágmarki en jafnframt tryggja **öllum** íbúum jarðar góð lífsskilyrði. Stærsta áskorunin felst í því að samþætta marga mismunandi hagsmuni svo enginn þeirra falli milli skips og bryggju. Góð hagsmunagæsla fyrir umhverfið byggir á innsæi og skilningi á hinum ýmsu viðfangsefnum náttúru og manna, t.d. umhverfismálum, **samfélagsmálum**, **innviðamálum** og **stjórnámálum**.

Umhverfis-
mál á
Íslandi

2022



Í þessum kafla drögum við fram þá sviðsmynd sem blasir við umhverfisverndarsamtökum á Íslandi, einkum í tengslum við samskipti við stjórnvöld eða „kerfið“. Kosturinn við slíka nálgun, þ.e. kortlagningu á því hvaða aðilar hafa áhrif á umhverfismál, er einkum sá að hver sem er getur haft áhrif á auðveldari og skilvirkari hátt. Seinni kaflar fjalla sérstaklega um stöðu Ungra umhverfisinnna í þessu samhengi (3. kafli) og þá nálgun sem félagið hefur tileinkað sér til að hafa jákvæð áhrif á umhverfismál (4. kafli).



ÁHERSLUR

Hverjir hafa áhrif á umhverfismál

Umhverfislög og reglur á Íslandi

Ísland í alþjóðasamhengi

1. Hverjir hafa áhrif á umhverfismál?

Allir geta haft einhvers konar áhrif á **umhverfismál**. Námsmenn geta t.d. rætt við sína nánustu um flokkun, **alþingismenn** geta sett **lög um náttúruvernd** og fyrirtæki geta orðið **kolefnis-hlutlaus**. Áhrifin eru mismunandi, bæði eftir eðli og umfangi, en ólíkir aðilar mynda í sameiningu einn heild; samfélagið, sem hefur fjölbreytt áhrif á umhverfið.

Félagasamtökin Ungir umhverfissinnar eru hluti af þessari heild en til að geta sinnt hlutverki sínu betur er nauðsynlegt að þekkja hverjir aðrir hafa áhrif á umhverfismál og hvernig. Við þurfum að geta kortlagt hverjir eiga þátt í umhverfismálum, hvað þeir aðilar hafa fram að færa og hvaða áhrif gjörðir þeirra hafa á heildarmyndina. Þannig er auðveldara að finna samstarfsaðila, samhæfa aðgerðir og ná fram þeim miklu breytingum sem við þurfum til að samfélagið geti lifað í sátt og samlyndi við umhverfið.

Hægt er að kortleggja önnur málefnavið á samskonar hátt, t.d. **jafnréttismál** og menntamál, en mikilvægt er að hafa í huga að öll málefni tengjast á einhvern hátt. Betri árangur næst eftir því sem við tökum mið af fleiri málefnum og sjónarmiðum og skoðum hvernig þau tengjast.

2. Kortlagning umhverfismála

2.1 Aðilar umhverfismála

Stjórnvöld hafa yfirleitt yfirumsjón með hinum ýmsum málaflokkum og er hefðin á Íslandi sú að **ráðherra** beri ábyrgð á tilteknum málaflokkum, t.d. umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsmálaráðherra. Það þýðir hins vegar ekki að stjórnvöld stjórni öllu sem tengist þeim málaflokkum, heldur er um að ræða flókið samspil margra og fjölbreyttra aðila. Sem dæmi má nefna

að í listum og menningu geta almennir borgarar, t.d. í hljómsveitum eða með sjónvarpsþáttagerð, haft meiri og annarskonar áhrif en einstakir ráðherrar.

Til að lýsa þessu flókna samspili er í hinni einföldustu mynd oft talað um þrjá hópa innan samfélagsins: stjórnvöld, **atvinnulífið** og félagasamtök (**þriðja geirann**). Stjórnvöld hafa formleg völd, atvinnulífið hefur efnahags- og viðskiptahagsleg áhrif og félagasamtök byggja áhrif sín á þátttöku einstaklinga. Félagasamtök eru mjög fjölbreytt og allir hafa rétt til að stofna og ganga í samtök. Dæmi um mismunandi gerðir samtaka eru m.a. umhverfisverndarsamtök, húsfélög, stéttarfélag og íþróttafélög. Þrískipting samfélagsins í stjórnvöld, atvinnulíf og þriðja geirann er hins vegar einungis gróf einföldun og útskýrir ekki öll þau blæbrigði sem eru til staðar í samfélaginu, t.d. þegar einstaklingur hefur aðild að tveimur eða öllum þremur geirum, oft á mismunandi sviðum.

Öllum þremur geirum er svo hægt að lýsa nánar og skipta niður enn frekar, t.d. eftir því hvort um er að ræða aðila í nærsamfélagi, á landsvisu eða alþjóðavettvangi. Íslenskar **sveitarstjórnir** eru t.d. mjög ólíkar **Sameinuðu þjóðunum**, kaupmaðurinn á horninu er mjög ólíkur alþjóðlegum stórfyrirtækjum og Ungir umhverfissinnar eru mjög ólíkir alþjóðlega náttúruverndarsjóðnum (World Wide Fund for Nature, WWF).

2.2 Hvernig er umhverfismálum stjórnað?

Þegar rætt er um hvað hefur áhrif á tiltekinn málaflokk, t.d. umhverfismál, er oft talað um stjórnarhætti (*e. governance*). Í þröngum skilningi á hugtakið við um gjörðir stjórnvalda sem hafa áhrif á málaflokkinn, eins og t.d. **lög** og **reglugerðir**. Í víðum skilningi er hins vegar hægt að

túlka stjórnarhætti sem blöndu ýmissa samskipta og ferla, bæði formlegra og óformlegra og milli fólks í öllum hlutum samfélagsins, sem hafa áhrif á þróun málaflokksins. Með öðrum orðum þá hafa miklu fleiri áhrif á umhverfismál en þeir sem hafa formleg völd og það sem skiptir máli er að þekkja hverjir þessir ólíku aðilar eru og hvernig áhrif þeirra eru mismunandi. Skilningur á þessu flókna samspili (*e. situational awareness*) gerir fólk betur í stakk búið til að stunda hagsmunagæslu.

2.3 Stýrinet

Heildarmynd umhverfismála er margslungin og erfitt er að skilgreina nákvæmlega alla aðila innan málaflokksins og hvernig samskiptum innan hans er háttað. Til að takast á við þessa áskorun er gott að beita nálgun sem kallast tengslanet í **stjórnsýslu** eða **stýrinet** (*e. Governance Networks*)¹. Stýrinet byggja á þeirri hugmyndafræði að stjórnarhættir málaflokka, t.d. umhverfismála, séu of flóknir til að lýsa á einfaldan hátt og hafi einkenni flókinn kerfis (*e. complex system*). Ekki er nóg með að kerfin séu flókin heldur eru þau einnig síbreytileg. Ekki verður kafað sérstaklega í hugtakið í þessari handbók, enda stórt og margslungið viðfangsefni, en vert er að nefna ákveðin lykiliatriði.

Í fyrsta lagi þarf að greina hvaða aðilar eru þátttakendur innan stýrinetsins en það getur oft verið flókið, t.d. þegar lítið ber á áhrifaríkum aðilum eða nýir aðilar stíga á sviðið. Mikilvægt er að hafa í huga að stýrinet eru til staðar hvort sem við gerum okkur grein fyrir því eða ekki, sem þýðir að þeir sem geta kortlagt stýrinet hafa talsverða yfirburði í öllu sem tengist stjórnarháttum. Stýrinet eru hlutlaus í sjálfa sér, þ.e. hvorki góð né slæm, en það sem skiptir helst máli er að aðilar innan stýrinetsins starfi lýðræðislega.

Þegar búið er að koma auga á aðila innan stýrinetsins er hægt að hefjast handa við að lýsa þeim og tengslum þeirra á milli á kerfisbundinn hátt. Til að gefa nasasjón af slíkri nálgun fylgir hér upptalning á þáttum til að lýsa stýrinetum en hver þeirra felur í sér nokkur mismunandi atriði sem ekki koma fram hér:

Helstu þættir stýrinets samkvæmt Koliba:¹

- ~ Eiginleikar aðila innan stýrinets (*e. characteristics of actors*)
- ~ Tengsl á milli aðila stýrinets (*e. characteristics of ties between actors*)
- ~ Virkni stýrinets (*e. network-wide functions*)
- ~ Formgerðir stýrinets (*e. network-wide structures*)
- ~ Kerfisvirkni stýrinets (*e. complex systems dynamics*)
- ~ Ábyrgð aðila innan stýrinets (*e. accountability*)
- ~ Mat og mæling árangurs innan stýrinets (*e. performance management/measurement*)

Ef við tökum loftslagsmál á Íslandi sem dæmi þá eru **Alþingi** og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið aðilar innan stýrinetsins sem eru mitt í hringið málaflokksins. Síðan bætast t.d. við öll fyrirtæki og einstaklingar sem losa eða binda **gróðurhúsalofttegundir**. Dæmi um aðila sem er mitt á milli þess að vera opinber aðili og einkaaðili er Grænvangur; sem áður hét Samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir. Ungir umhverfissinnar, **Landvernd** og önnur samtök, t.d. Neytendasamtökin, eru svo hluti af þriðja geiranum. Tengsl milli allra þessara aðila eru margvísleg og flókin en allir hafa þó áhrif á frammistöðu Íslands í loftslagsmálum.¹

¹ Christopher Koliba, Jack W. Meek og Asim Zia (2011) „Governance Networks in Public Administration and Public Policy“.

UMHVERFIS-
HAGSMUNAGÆSLU FYRIR
UMHVERFIS-
HAGSMUNAGÆSLU FYRIR

DÆMI UM
STÝRINET

02 UMHVERFIS-
HAGSMUNAGÆSLU FYRIR
UMHVERFIS-
HAGSMUNAGÆSLU FYRIR

Þingvellir
þar sem Alþingi var stofnað árið 930,
eru samofnir lögdræði á Íslandi.

3. Lög og reglur umhverfismála

3.1 Stjórnskipan

Stjórnvöld eru ekki ein um að hafa áhrif á **umhverfismál** en þau gegna engu að síður lykilhlutverki í allri umgjörð samfélagsins. Á Íslandi er **stjórnarskráin** grundvöllur þess hvernig formlegum völdum er skipt í samfélaginu og Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. **Ríkisvald** er þrískipt en tilgangurinn með því er setja hverjum þeirra takmörk og tryggja að enginn fari með óhófleg völd. **Alþingi**, stofnað árið 930, setur **landslög** sem forsetinn undirritar. (Hægt er að nálgast **nánari upplýsingar um Alþingi í kynningarbæklingi Alþingis**.) **Forseti** og **63 Alþingismenn** eru kjörnir í leynilegum kosningum og forsetinn skipar **ráðherra** sem bera ábyrgð á framkvæmd ríkisvalds. Ráðherrar fara með æðsta **framkvæmdavaldið** og eiga að tryggja að **lögum** sé framfylgt, til dæmis með **reglugerðum**. **Forsetaúrskurður** um skiptingu **Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti** kveður á um hvaða ráðherraembætti séu til staðar hverju sinni og hvaða málefni heyrir undir hvern ráðherra en það getur breyst reglulega. Dómstólar fara síðan með dómvaldið en þeirra hlutverk er leysa úr ágreiningsmálum í samræmi við gildandi lög. Þeir geta t.d. dæmt að ákveðin framkvæmd standist ekki lög eða að ákveðin lög standist ekki **stjórnarskrá**.

3.2 Stjórnsýsla

Opinber stjórnsýsla (e. *public administration*) er í grófum dráttum sú starfsemi stjórnvalda sem snýr að því að framfylgja lögum og reglum, eða með öðrum orðum það sem heyrir undir **Stjórnarráð Íslands**. Stjórnarráðið samanstendur af ráðuneytum landsins, sem í dag eru 10 talsins með 11 ráðherra. Þetta getur þó breyst tiltölulega ört. Undir ráðuneytin heyrir í dag 169 **ríkisstofnanir** og er starfsemi þeirra alla jafna á

landsvísu, fyrir utan t.d. svæðis- eða staðbundin stjórnvöld eins og héraðsdómstóla, sýslumenn og flesta framhaldsskóla. Að auki hafa **sveitarfélög** ýmis stjórnsýsluhlutverk, **lögum samkvæmt**, en **sveitarstjórnir** hafa ákveðið sjálfstæði og heyrir ekki beint undir Stjórnarráðið.

3.2.1 Dæmi um lög og reglugerðir

Öll stjórnsýsla starfar á grundvelli **laga** og **reglugerða** en mikilvægt er að hafa í huga að einnig eru til óskráðar meginreglur, þ.e. reglur sem hafa gildi þótt þær komi hvergi fram í lögum eða **reglugerðum**. Slíkar reglur hafa orðið til óbeint hjá dómstólum við afgreiðslu ágreiningsmálaða en ekki verður fjallað sérstaklega um þær hér. Eftirfarandi eru dæmi um lög og reglugerðir sem tengjast umhverfismálum en þessi listi er alls ekki tæmandi:

- ~ Stjórnsýslulög, nr. 37/1993
- ~ Upplýsingalög, nr. 140/2012
- ~ Lög um náttúruvernd, nr. 60/2013
- ~ Skipulagslög, nr. 123/2010
- ~ Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000
- ~ Lög um umhverfismat áætlanna, nr. 105/2006
- ~ Lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011
- ~ Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
- ~ Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 660/2015, um mat á umhverfisáhrifum
- ~ Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- ~ Sjá fleiri í **lagasafni** Alþingis og **reglugerðasafni** Dómsmálaráðuneytisins

3.2.2 Að lesa lagafrumvörp

Lagafrumvörp á Alþingi fylgja ákveðnum viðmiðum líkt og kemur m.a. fram í handbók Stjórnarráðsins um **undirbúning og frágang lagafrumvarpa**. Í upphafi **lagafrumvarps** koma ávalt fram grunnupplýsingar eins og



númer **þingmáls**, heiti **frumvarps** og hver eða hverjir séu flutningsmenn þess. Meginmál **lagafrumvarpa** er svo þrískipt, þ.e. í tillagðar laga-breytingar, almennar athugasemdir (greinargerð) og athugasemdir við einstakar **greinar lagafrumvarpsins**. Greinargerðin á að útskýra forsögu frumvarpsins, tilgang þess og hvaða breytingar það feli raunverulega í sér. Fljótlegasta leiðin til að kynna sér lagafrumvarp er því yfirleitt sú að lesa fyrst greinargerðina (í miðju frumvarpsins) áður en farið er yfir breytingatillögurnar (efst) og athugasemdir við einstakar greinar (neðst).

3.2.3 Dæmi um stjórnsýslustofnanir

- ~ Meginhlutverk **Náttúrufræðistofnunar Íslands** er að stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasfræði og jarðfræði landsins, annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum. Náttúrufræðistofnun Íslands býr yfir gagnabanka um náttúru landsins og hlutverk hennar er að hafa yfirsýn og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um verndun og skynsamlega nýtingu náttúrunnar. Hún hefur einnig viðtækt vöktunar- og fræðsluhlutverk.
- ~ **Skipulagsstofnun** sinnir stefnumótun, **stjórnsýslu** og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi.
- ~ **Umhverfisstofnun** stuðlar að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.
- ~ **Landgræðsla ríkisins** vinnur samkvæmt **lögum** um landgræðslu að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur að fræðslu, leiðbeiningum, rannsóknum, þróunarstarfi o.fl. á þessu sviði. Landgræðslan hét áður Sandgræðsla Íslands og var stofnuð árið 1907. Landgræðslan heldur uppi mjög skemmtilegri **Instagram síðu** með mikið af fræðslu.

- ~ **Skógræktin** þjónar skógrækt á Íslandi en samkvæmt lögum um skóga og skógrækt, nr. 33/2019, er skógrækt skilgreind sem „öll sú starfsemi sem snýr að vernd, endurheimt, ræktun, umhirðu, nýtingu og endurnýjun skóga, þ.m.t. rannsóknir, ráðgjöf, áætlanagerð og verklegar framkvæmdir.“
- ~ **Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga** hafasvæðisbundið eftirlit með umhverfis- og **hollustuvernd** og hjá þeim starfa umhverfis- og heilbrigðisfulltrúar. Í dag eru **10 heilbrigðiseftirlitssvæði** á Íslandi.
- ~ **Úrskurðarnefnd um upplýsingamál** hefur það hlutverk að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá **stjórnvöldum**.
- ~ **Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála** hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála.
- ~ Hlutverk **Umboðsmanns Alþingis** er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og **sveitarfélaga** og tryggja rétt einstaklinga gagnvart stjórnvöldum landsins. **Umboðsmaður** gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Almennur og **frjáls félagasamtök** geta kvartað til Umboðsmanns ef þau telja að stjórnvöld hafi ekki farið að lögum og reglum við afgreiðslu mála.
- ~ Aðrar ríkisstofnanir má sjá á **vef Stjórnarráðsins**.

3.3 Dómstólar

Pegar deilumál koma upp milli ólíkra aðila, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki eða stjórnvöld, þá hafa **dómstólar** vald til að úrskurða hver niðurstaðan skuli vera lögum samkvæmt. Á Íslandi eru **átta héraðsdómstólar**, einn **Landsréttur** og einn **Hæstiréttur**.

Allir hafa rétt til að vísa málum til dómstóla en því getur fylgt þó nokkur kostnaður. Slikt er ekki á allra færi og því er í sumum málum hægt að sækja um **gjafsókn** til Dómsmálaráðuneytisins.

3.4 Alþjóðasamningar


Íslenska ríkið fer með fullnaðarvald innan **lögsögu** sinnar en það merkir að það fer með æðsta valdið í öllum málefnum innan þess. Ríkið getur engu að síður af frjálsum og fúsum vilja gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar, eins og t.d. með þátttöku í **Evrópska efnahagssvæðinu**, sbr. **lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993**. Þessu geta fylgt ýmsar kvaðir sem takmarka að sumu leyti vald íslenska ríkisins innan eigin lögsögu, t.d. að því leyti að því sé skylt að taka upp allar **tilskipanir Evrópusambandsins**. Slíkar tilskipanir þarf þó fyrst að samþykkja í **sameiginlegu EES-nefndinni**, þar sem hægt er að fá undanþágur frá tilteknum ákvæðum áður en þær þarf síðan að lögfesta á **Alþingi**.

Einn mikilvægasti alþjóðasamningurinn varðandi lýðræðisþátttöku almennings og félagasamtaka er **Árósasamningurinn** en hann fjallar helst um **aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum**. Árósasamningurinn varð til í kjölfar **Chernobyl-slyssins** en honum var sérstaklega ætlað að taka á þeirri leyndarhyggju sem átti stóran þátt í því að gera slysið jafn alvarlegt og raun bar vitni. Íslenska ríkið **fullgilti Árósasamninginn árið 2009**.

Aðrir alþjóðasamningar eru t.d. **Parísarsamkomulagið** um loftslagsmál (sjá nánar á vef **UNFCCC**), samningur **Sameinuðu þjóðanna** um líffræðilega fjölbreytni (**Convention on Biological Diversity, CBD**), **Ramsarsamningurinn** um votlendi, landslagssamningur Evrópu (**European Landscape Convention**) og **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**. Þetta er ekki tæmandi listi.

AARHUS CONVENTION

Parties to the Aarhus Convention and their dates of ratification



46 ríki eiga aðild að Árósasamningnum



AARHUS CONVENTION
for our environment

4. Lýðræðislegt lögmæti

Stýrinet samanstanda af flóknu samspili alls kyns aðila og það er oft erfitt að vera viss um að stjórnarhættir séu í raun lýðræðislegir. Fólk getur upplifað skort á **gagnsæi** og þ.a.l. efast um lýðræðislegt lögmæti stýrineta. Þessu er þó hægt að bregðast við með því að huga að ýmsum þáttum í starfsemi aðila innan stýrineta. Samkvæmt Sørensen og Torfing (2005) byggja slíkar aðgerðir helst á því að:

- ~ stjórnálamenn séu lýðræðislega kjörnir.
- ~ fjölbreyttar raddir fái að heyrast í stýrinetinu.
- ~ allir aðilar stýrinetsins séu tilbúnir að bregðast við gagnrýni og eiga málefnalegar samræður.
- ~ ljóst sé hver ber ábyrgð að hverju sinni og hægt sé að krefja viðkomandi um haldbærar rökfærslur.

Ungir umhverfissinnar geta á sambærilegan hátt hugað kerfisbundið að lýðræðislegu lögmæti sínu, m.a. með því að:

- ~ kjósa í stjórn á lýðræðislegan hátt.
- ~ stjórn leggi metnað í að þekkja og skilja sjónarmið meðlima.
- ~ stjórn eigi frumkvæði að gegnumgangandi samtali við meðlimi um starfsemi félagsins.
- ~ setja sér lýðræðisleg viðmið um starfsemi félagsins.

Frekar verður farið í þetta í 3. kafla.

5. Ísland í alþjóðasamhengi


Þessi handbók er skrifuð bæði fyrir fólk á Íslandi og um allan heim en eðli málsins samkvæmt geta aðstæður og menning verið mjög ólík í mismunandi löndum. Okkur þykir mikilvægt að gefa hér stutta lýsingu á helstu einkennum Íslands varðandi hagsmunagæslu, svo auðveldara sé fyrir lesendur að nýta þekkinguna og bera saman við önnur lönd.

Helstu einkenni Íslands eru sterk lýðræðishefð og stuttar boðleiðir. Almennigur og fulltrúar félagasamtaka eiga yfirleitt greiðan aðgang að ráðamönnum, þ.m.t. æðstu ráðamönnum, en það er nokkuð sérstakt á heimsvísu. Smæð samfélagsins spilar þar stóran þátt en menning hefur einnig talsverð áhrif. Opinber orðræða ráðamanna og fólks í samfélaginu byggir almennt á ábyrgðar- og þjónustuhlutverki **stjórnvalda** gagnvart almenningi en ekki völdum ráðamanna líkt og gerist stundum. Það sama gildir yfirleitt um stofnanir hins opinbera. Ísland hefur almennt séð lítið bolmagn í alþjóðasamhengi og þarf því yfirleitt að bregðast við heimsmálum frekar en að eiga frumkvæði. Ísland var í upphafi sjálfstætt en síðar nýlenda Noregs og í kjölfarið Danmerkur, áður en landið öðlaðist aftur fullveldi árið 1944.



Ungir Umhverfis- sinnar

03



Tilgangur þessa kafla er að útskýra stöðu Ungra umhverfissinna innan málaflokks umhverfismála og taka dæmi um hvernig félagið getur styrkt stöðu sína með því að efla lýðræðislegt lögmæti sitt. Kaflinn byggir á þeirri sviðsmynd sem dregin er upp í 2. kafla.



ÁHERSLUR

Hvað einkennir Ungra umhverfissinna

Hvernig eflir félagið lýðræðislegt lögmæti sitt

Tengsl félagsins við aðra aðila

1. Einkenni félagsins

Líkt og kom fram í kafla 2.2.3 þá er hægt að lýsa því hvernig **umhverfismálum** er stjórnað með fræðilegri nálgun sem er kennd við svokölluð **stýrinet**. Eitt af grundvallaratriðum þeirrar nálgunar er að lýsa einkennum aðila innan stýrinetsins. Hér verður stuttlega fjallað um einkenni Ungra umhverfissinna og hvernig þau geta komið til með að þróast.

1.1 Opinber markmið og raunveruleg markmið

Ungir umhverfissinnar leggja mikið upp úr **gagnsæi** og því eiga hulin markmið sér ekki fótfestu innan félagsins. Opinber markmið og raunveruleg markmið þurfa því ávalt vera þau sömu. Markmið félagsins eru að nálgast umhverfismál frá öllum sjónarhornum og beita sér fyrir sjálfbærri þróun, náttúruvernd og **hringrásarhagkerfi** í samræmi við Heimsmarkmið **Sameinuðu Þjóðanna**. Aðferðir félagsins fela í sér heildstæða nálgun með hliðsjón af grunni vísinda, þekkingu á staðháttum, sjónarmiðum nærsamfélags, sameiginlegum hagsmunum mannkyns, mannréttindum og réttindum náttúrunnar. Miklu máli skiptir að efla lýðræðislegt lögmæti félagsins til að tryggja að einstakir félagsmenn geti ekki nýtt félagið til að skara eld að eigin koku eða vinna að sérhagsmunum. Nánar er fjallað um það í hluta 1.4.

1.2 Samfélagsstaða

Ungir umhverfissinnar eru **frjáls félagasamtök** eða með öðrum orðum aðili innan **þriðja geirans**. Samtökin hafa það að leiðarljósi að vera

aðgengilegur vettvangur fyrir ungt fólk sem vill láta gott af sér leiða í umhverfismálum og telja nú, árið 2020, yfir þúsund meðlimi. Um er að ræða fjölbreyttan hóp fólks en einu skilyrðin fyrir innngöngu eru þau að viðkomandi skilgreini sig sem ungan og aðhyllist **markmið og stefnu félagsins**. Félagið starfar á ýmsum stigum samfélagsins, til að mynda í nærsamfélagi, á landsvísu og alþjóðavísu, sem felst m.a. í samskiptum við **sveitarstjórnir, íslenska ríkið** og félagasamtök í öðrum löndum.

Segja má að Ungir umhverfissinnar taki virkan þátt í tveimur stýrinetum (**sjá kafla 2.2.3 um stýrinet**); annars vegar stýrineti umhverfismála og hins vegar stýrineti lýðræðisþátttöku ungs fólks. Ungir umhverfissinnar eru í samskiptum og tengslum við marga mismunandi aðila innan beggja stýrineta. Í stýrineti umhverfismála hafa Ungir umhverfissinnar sérstöðu sem talsmenn ungs fólks og í stýrineti lýðræðisþátttöku ungs fólks hafa Ungir umhverfissinnar sérstöðu sem talsmenn umhverfismála, sem er eitt af mörgum hagsmunamálum ungs fólks.

1.3 Ábyrgð og mæling árangurs

Stjórn og aðrir sem koma fram á vegum félagsins bera ábyrgð gagnvart meðlimum á því að vera málefnaleg og fara ekki gegn stefnu félagsins. Félagið ber einnig ábyrgð á því að verja fjármunum í samræmi við þær reglur sem styrkveitingar mæla fyrir um. Einnig má segja að félagið beri samfélagslega ábyrgð á því að veita **stjórnvöldum** og fyrirtækjum aðhald í umhverfismálum.

Stjórn ber sameiginlega ábyrgð á starfsemi félagsins en til glöggvunar er núverandi dreifing hlutverka eftirfarandi:

Formaður er andlit og talsmaður félagsins. Sá hefur yfirsýn yfir starfsemi félagsins og boðar til stjórnarfundna.

Varaformaður tekur við hlutverkum í fjarveru formanns.

Ritari sér um fundargerðir á stjórnarfundum og tryggir jafnframt að skjöl og gögn félagsins séu geymd á viðunandi hátt.

Gjaldkeri hefur umsjón með fjármálum félagsins, gerir ársreikninga og sækir um styrki.


Að auki eru **meðstjórnandi** og tveir **varamenn**, sem geta tekið að sér sérstök hlutverk eftir atvikum eins og t.d. umsjón með viðburðum og samfélagsmiðlum.

Árangur félagsins mælist í fjölda meðlima, fjölda menntaskólakynninga, fjölda umsagna sem félagið sendir frá sér, hlutfall unninna kærumála og fjölda fjölmiðlaumfjallana. Þetta breytist milli ára og er tekið saman í ársskýrslum. Einnig má meta árangur með bættum viðhorfum gagnvart umhverfinu í fjölmiðlaumfjöllun og samfélagslegri umræðu, sem er þó erfitt að beinlínis mæla. Mikilvægt er að byggja markmið og árangursmælingar á samþykktum félagsins, þ.e. þeim reglum sem stofnmeðlimir bjuggu til á sínum tíma og meðlimir geta endurskoðað og breytt á aðalfundum. **Samþykktir Ungra umhverfissinna er hægt að nálgast hér.**

1.4 Lýðræðislegt lögmæti

Trúverðugleiki Ungra umhverfissinna byggir að miklu leyti á því að sífellt sé unnið að því að viðhalda og efla lýðræðislegt lögmæti félagsins (**sjá kafla 2.4**). Þetta snýst í grundvallaratriðum um að tryggja að starfsemi félagsins endurspegli raunverulega vilja og áhuga meðlima, á grundvelli vandaðra og málefnalegra vinnubragða. Lýðræðislegt lögmæti er forsendan fyrir því að félagið geti haft jákvæð áhrif á stýrinet umhverfismála og því ber að hlúa að lögmæti félagsins af mikilli alúð.

UNGIR UMHVERFISSINNAR



Dæmi um það hvernig má viðhalda og efla lýðræðislegt lögmæti félagsins:

- ~ Félagið er þverpólitískt og styður hvorki beint né óbeint stjórnmaflokka né önnur stjórnmaðaöfl. Félagið getur þó stutt einstaka **lökkjöf**, herferð eða annað að því leyti sem það samræmist markmiðum félagsins. Allir eru velkomnir í félagið óháð stjórnmalaskoðunum eða aðild að stjórnmalaflokkum enda er markmið félagsins m.a. að allir stjórnmalamenn taki **umhverfismálin** föstum tókum.
- ~ Félagið gætir þess ætíð að vera aðgengilegt öllum óháð uppruna og tungumáli, með skýra og aðgengilega **vefsíðu** bæði á íslensku og ensku.
- ~ Þegar skipulagðir eru viðburðir er aðgengi óháð líkamsgetu haft að leiðarljósi. Það felur bæði í sér að velja staði með aðgengi fyrir alla og að bjóða ávalt upp á túlkajónustu.
- ~ Meðlimir fá tækifæri til að taka þátt í undirbúningi umsagna og opinberra bréfa en samskipti út á við eru á ábyrgð stjórnar. Stjórn getur t.d. falið einstökum meðlimum ákveðin hlutverk eða **umboð**, eins og þátttöku í starfshópum á vegum **stjórnvalda** eða til framboðs á vegum **Landssambands ungmennafélaga**.
- ~ Þegar fulltrúi félagsins fundar með öðrum aðilum, þá gerir hann stutta samantekt sem er gerð aðgengileg fyrir meðlimi.

2. Samskipti við aðra aðila

Annað grundvallaratriði sem notað er til að lýsa **stýrinetum**, auk einkenna einstakra aðila, er hvernig tengslum þeirra á milli er háttað. Hér verður fjallað stuttlega um helstu tengsl Ungra umhverfissinna og hvað félagið hefur fram að færa.

2.1 Bjargráð

Þegar talað er um bjargráð er átt við hvað félagið hefur fram að færa og hvers það þarfnast utan frá. Það helsta sem Ungir umhverfissinnar hafa fram að færa í stýrineti **umhverfismála** eru sjónarmið, þekking og eldmóður ungs fólks. Þetta eru mikilvæg bjargráð fyrir stýrinetið því það getur oft einkennst af afneitun, vonleysi og ómálefnalegri umræðu. Frá upphafi hafa Ungir umhverfissinnar haldið viðburði til fræðslu og gamans um umhverfismál. Við þetta bættust hagsmunagæsla fyrir umhverfið, fræðsla í framhaldsskólum landsins og síðast en ekki síst loftslagsverkföllin undir formerkjum **Fridays for Future** hreyfingarinnar. Þar starfar félagið í samstarfi við Samband íslenskra framhaldsskólanna (SÍF), Landsamband íslenskra stúdenta (LÍS), Stúdentaráði Háskóla Íslands (SHÍ) og fjölda einstaklinga.

Mikilvægt bjargráð sem félagið þarfnast eru virkir meðlimir, til að sinna hinum ýmsu verkefnum félagsins, en því nær félagið með því að virkja hinn mikla áhuga fyrir umhverfismálum sem fer sívaxandi í samfélaginu. Þetta krefst jafnframt oft fjármagns, t.d. fyrir efniskostnaði, samgöngum og launakostnaði fyrir einstök verkefni. Félagið hefur til þessa sótt fjármagn í hina ýmsu sjóði, bæði opinbera og hjá **einkageiranum**.

2.2 Tengsl

Formleg tengsl sem félagið hefur við önnur samtök eru:

- ~ Aðild að **Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtökum Íslands**.
- ~ Aðild að **Landsambandi ungmennafélaga** (LUF).
- ~ Félagið var eitt aðila sem unnu að stofnun hins alþjóðlega tengslanets ungmenna um Norðurlóðir (**Arctic Youth Network**).

Félagið hefur einnig óformleg tengsl við fjölda umhverfisverndarsamtaka, bæði á Íslandi og erlendis. Mikilvægt er að stunda tengslamyndun við önnur félög og aðila sem einnig eru þverpólitísk. Óþarfi er að markmið félaganna séu að öllu leiti þau sömu því yfirleitt er hægt að finna sameiginlega fleti þar sem einstaklingar og félög geta unnið saman. Það er meira vægi í því að hafa fjölbreytt sjónarhorn sem vísa að sömu niðurstöðu. Tengslamyndunin skapar einnig stuðningsnet svo að hverjum og einum líði ekki eins og þeir séu einangraðir í sinni baráttu. Í umhverfismálum er mikilvægt að upplifa sig sem hluta af stærri heild þar sem margir einstaklingar og samtök sameina krafta sína.

Félagið leggur mikið upp úr því að efla nýsköpun í náttúruvernd. Það felst t.d. í því að vinna með samtökum á öðrum sviðum, t.d. jafnréttis og geðheilbrigðis, og halda margskonar viðburði sem fjalla um hvernig umhverfismál tengjast öðrum málaflokkum. Þannig geta ólíkir markhópar komið saman og öðlast dýpri skilning á fjölbreyttum viðfangsefnum. Félagið telst því ekki sem samkeppnisaðili neins heldur frekar samvinnuaðili, sem veitir jafnframt stjórnvöldum og fyrirtækjum aðhald. Annað dæmi um nýsköpun á vegum félagsins var aðild að undirbúningi stofnunar hins alþjóðlega tengslanets ungmenna um Norðurlóðir (**Arctic Youth Network**), þann **11. apríl 2019**. Ef áfram heldur sem horfir teljum við að Ungir umhverfissinnar geti vaxið og orðið veigamikil rödd innan samfélagsins. Félagið er mikilvægur vettvangur fyrir ungt fólk til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og efla lýðræðisvitund sína. Að sama skapi á félagið þátt í að vera rödd náttúrunnar og verja hagsmuni hennar.

Hags-
muna-
gæsla

04



Tilgangur þessa kafla er að veita innsýn í hvernig Ungir umhverfissinnar geta unnið að markmiðum sínum á málefnalegan og skilvirkan hátt. Mikilvægt er að hafa þekkingu á stöðu félagsins innan stýrinets umhverfismála (sjá 2. og 3. kafla). Hafa skal í huga að þessi aðferðafræði er enn í þróun og er gert ráð fyrir að hún verði enn betri með síðari útgáfum þessarar handbókar.

ÁHERSLUR

- Forgangsröðun verkefna
- Dæmi um gott verklag við hagsmunagæslu
- Hvernig ég get haft áhrif

1. Forgangsröðun

Allir aðilar innan **stýrinets umhverfismála** hafa takmörkuð aðföng til ráðstöfunar, eins og tíma og fjármagn, en það á sérstaklega við um sjálfbærniáskjalatöku ungs fólks á borð við Unga umhverfissinna. Forgangsröðun er gífurlega mikilvæg, bæði hvað varðar val á verkefnum og aðferðafræði. Þetta hefur ekki bara áhrif á hversu miklu við sjálf komum í verk, heldur líka hversu spennandi verkefni eru og þ.a.l. hversu auðveldlega okkur tekst að fá fólk með okkur í lið. Fólk er tilbúið að leggja miklu meira á sig ef verkefni eru þýðingamikil.

1.1 Hvaða verkefni skipta mestu máli?

Eftir því sem við höfum betri yfirsýn yfir það hvað aðrir stýrinetinu eru að gera því betur áttum við okkur á því hvar framlags okkar er helst þörf og hvar við getum haft jákvæð áhrif. Þetta getur bæði falist í því að styðja við núverandi verkefni annarra eða sinna vanræktum málefnum. Hér verða ekki settar fram nákvæmar leiðbeiningar um forgangsröðun en eftirfarandi spurningar ættu hins vegar að geta hjálpað:

- ~ Er vandamálið hnattrænt eða staðbundið?
- ~ Er vandamálið aðkallandi í nærumhverfinu eða nærsamfélaginu?
- ~ Er raunhæft fyrir okkur að hafa áhrif miðað við stöðu okkar í stýrinetinu?
- ~ Höfum við bolmagn, t.d. tíma og fjármagn, til að sinna verkefninu almennilega?
- ~ Myndu aðgerðir okkar hafa mikil eða lítil áhrif?
- ~ Eru við að flétta saman mismunandi viðfangsefni, t.d. loftslagsmál, náttúruvernd, samgöngur og jafnrétti?
- ~ Myndum við koma í veg fyrir **óafturkræfan umhverfisskaða**?
- ~ Er auðveldara að hafa áhrif á málefnið núna heldur en á öðrum tímum? Þetta á t.d. við um hvort lagabreytingar um málefnið séu væntanlegar eða nýbúnar.

~ Eru markmið okkar skýr og **árangurinn mælanlegur**?

1.2 Lykilatriði í hagsmunagæslu

Aðferðafræði við hagsmunagæslu er mjög fjölbreytt. Ýmsar útfærslur geta hentað mismunandi aðilum misvel fyrir mismunandi verkefni við mismunandi aðstæður. Hér verður ekki reynt að gera grein fyrir hinum ýmsum aðferðum sem eru í boði, heldur er ætlunin einungis að nefna dæmi um lykilatriði sem hafa til þessa gefið góða reynslu í starfi Ungra umhverfissinna:

~ **Þolinmæði, þrautseigja og staðfesta:**

Hagsmunagæsla er oft langdregin, erfið og án viðurkenningar. Stundum bregst fólk illa við og staðan getur virst vonlaus eða maður of uppgefn til að halda áfram. Á slíkum tímum er mikilvægt að getað staldrað við og hugsað um þau gildi sem drifu mann af stað í hagsmunagæsluna. Það er hollt að efast því maður getur alltaf haft rangt fyrir sér og þá getur hjálpað að draga fram mismunandi sjónarhorn til að finna fótfestuna á ný. Þar er félagsskapur lykilatriði. Við sem vinnum að sameiginlegum markmiðum verðum að vera dugleg að styðja við hvert annað og það er mikilvægt að beita gagnrýnni hugsun og samkennd við erfiða ákvarðanatöku.

~ **Heildarhagsmunir:** Maður verður að getað séð fyrir sér stóru myndina og náð að samtvinna verkefni sín við lausnir sem samræmast hagsmunum um allt landið og allan heim. Því verðum við að vera opin fyrir gagnrýni og ábendingum frá öðrum málefnaáskjalatöku samfélagsins. Gott er að hafa í huga:

- Ólík búsetumynstur, t.d. þéttbýli og strjálbýli.
- Mismunandi menningu, hefðir og skoðanir.
- Alla aldurshópa.
- Mismunandi stöðu og efnahag.
- Mismunandi heilsu og líkamlega getu.
- Núverandi og komandi kynslóðir, a.m.k. 200-300 ár fram í tímann.

~ **Þverpólitísk nálgun:** Styrkur **frjálsra félagsamtaka** eins og Ungra umhverfissinna felst einkum í því að við erum óháð stjórnmalahreyfingum. Gott samtal við alla stjórnmalaflokka getur

þó gert gæfumun t.d. þegar málefni á þingi eru til skoðunar. Þar sem UU er einnig partur af stýrineti lýðræðisþátttöku ungs fólks tengist félagið að einhverju leyti ungliðahreyfingum stjórnmalaflokkanum í gegnum **Landssamband ungmennafélaga**. Þverpólitíska nálgunin byggir helst á því að við þurfum að vera sífellt vakandi fyrir því að hafa ekki bein eða óbein áhrif á vinsældir einstakra stjórnmalaflokka- eða hreyfinga. Þetta gefur okkur traust og trúverðugleika sem auðveldar okkur að hvetja allt pólitíska litrófið til dáða í umhverfismálum.

~ **Málefnaleg nálgun:** Staðreyndir umhverfismála eru oft flóknar og túlkun þeirra háð aðstæðum. Miklu máli skiptir að afla gagna og upplýsinga um sjónarmið **hagsmunaaðila** en það getur oft krafist talsverðrar vinnu. Fyrirhöfnin er hins vegar þess virði því það skiptir sköpum að hafa réttar og nákvæmar upplýsingar, bæði til að meta hvað sé best í stöðunni og til að fylgja málinu eftir.

~ **Trúverðugleiki:** Við verðum að segja það sem við meinum og meina það sem við segjum til að aðrir

geti tekið mark á okkur. Sumum finnst góð hugmynd að biðja alltaf um meira en þeir vilja til að enda á ásættanlegri niðurstöðu í kjölfar málamiðlunar en slík nálgun er að mörgu leyti óheiðarleg og ekki til þess fallin að skapa traust í samskiptum. Það þarf ekki endilega að þýða að við setjum markið lágt heldur einfaldlega að við hlaupum ekki í hringi í kringum það sem við raunverulega viljum. Þrautseigja og virðing fyrir öðrum sjónarmiðum er vænlegri til vinnings.

~ **Beint samtal:** Þegar við viljum nálgast ákveðinn hóp er mikilvægt að mæta þeim hópi þar sem hann er staddur. Við þurfum að muna að það eru yfirleitt til staðar sjónarmið sem við skiljum ekki og við þurfum að getað sett okkur í spor annarra.



Góður málstaður getur snúist í andhverfu sína ef hann tekur ekki mið af öðrum góðum málstöðum



2. Staðreyndir og sjónarmið

Góð hagsmunagæsla byggir á því að maður viti hvað maður er að tala um og hvaða sjónarmið séu til staðar innan **stýrinetsins**. Án þessara upplýsinga er hvorki hægt að mynda sér upplýsta afstöðu né tala fyrir sínum málstað á trúverðugan hátt. Þessi upplýsingaöflun getur oft tekið langan tíma og því er mikill hagur fólgin í því að vinna í teymum við öflun og greiningu upplýsinga. Slík teymisvinna þarf þó að vera vel skipulögð og samræmd því yfirsýn er lykilatriði. Í tilfelli Ungra umhverfissinna er mjög sterkur leikur að allir meðlimir taki virkan þátt, t.d. á vettvangi málefna- og landshlutaneftnda félagsins. Mikilvægt er að slíkt sé gert í samráði við stjórn, enda er hún ábyrg fyrir því hverjir koma fram fyrir hönd félagsins og hvernig.

2.1 Fundir með hagsmunaaðilum

Ýmis gögn eru aðgengileg almenningi, t.d. á internetinu og bókasöfnum, en ekkert kemur í stað þess að tala við fólkið sem býr til gögnin. Þetta gildir um öll gögn, hvort sem þau koma frá stofnunum, fyrirtækjum, samtökum eða einstaklingum. Fólkið sem býr til gögnin getur útskýrt hvernig þau urðu til, hver séu aðalatriðin og hvaða gögn séu enn í undirbúningi og því ekki aðgengileg. Sömu sögu má segja um sjónarmið, skoðanir og reynslusögur en þau er hægt að skilja miklu betur með samtali heldur en t.d. með því að lesa yfirlýsingar og fréttatilkynningar. Þekking og skilningur skipta öllu máli í góðri hagsmunagæslu.

2.1.1 Að hefja samtalið

Í mörgum tilfellum nægir einn tölvupóstur eða símtal til að bóka fund með **hagsmunaaðilum**. Þetta ferli getur engu að síður tekið lengri tíma, m.a. þegar:

- ~ ekki er vitað hvaða einstakling maður þarf að tala við, t.d. innan stofnunar eða fyrirtækis.
- ~ mikið er að gera hjá viðkomandi eða hann frá vinnu.
- ~ viðkomandi þekkir ekki til samtakanna okkar og/eða starfar á stórum vinnustað þar sem skilaboð frá óþekktum aðilum eiga erfitt með að komast til skila.

Þegar það tekur langan tíma að ná sambandi er mjög mikilvægt að hafa þolinmæði og standast þá freistingu að reiðast yfir því að fá ekki svar strax. Yfirvegun tryggir góð fyrstu kynni og við eigum auðveldara með að byggja upp góð tengsl og heilbrigð samskipti. Ungir umhverfissinnar eiga alltaf að vanda sig við alla framkomu enda gerir það hagsmunagæslu og aðra starfsemi félagsins talsvert áhrifaríkari. Þegar óljóst er hvern skuli hafa samband við er gott að hringja eða senda tölvupóst í móttöku eða almennt netfang viðkomandi stofnunar, fyrirtækis eða samtaka og spyrjast fyrir um hver fari með málaflokkinn eða verkefnið sem við viljum fræðast um.

2.1.2 Umræður á fundum

Allir góðir fundir eiga það sameiginlegt að byggja á trausti og virðingu. Á fyrsta fundi er sérstaklega mikilvægt að byggja upp gott samband, t.d. með því að fræðast um hvað hinn aðilinn gerir almennt og segja almennt frá Ungum umhverfissinum ef áhugi er fyrir því. Sum umræðuefni eru viðkvæmari en önnur, t.d. ef fólk hefur ólíkar skoðanir, og þá skiptir miklu máli að sýna nærgætni en að sjálfsögðu vera hreinskilinn. Ljóð Einars Benediktssonar um Einræður Starkaðar (1921) er gott vegnesti í þessu samhengi, einkum hið fræga 3. erindi III. hluta, því maður skal ekki vanmeta hversu sterkar tilfinningar fólk getur borið í brjósti varðandi **umhverfismál**:

“Eitt bros – getur dimmu í dagsljós breytt, sem dropi breytir veig heillar skálar. Þel getur snúist við atorð eitt. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Svo oft leyndis strengur í brjósti sem brast við biturt andsvar, gefið án saka. Hve iðrar margt líf eitt augnakast, sem aldrei verður tekið til baka?”

Úr einræðum Starkaðar eftir Einar Benediktsson

Að þessu sögðu er mjög mikilvægt að gleyma ekki tilgangi fundarins, þ.e. að afla upplýsinga um staðreyndir og sjónarmið. Í því samhengi er jafnframt ekki óalgengt að fólk sé hlutdrægt og því er mikilvægt að veita og meta það sem fólk segir, bæði á fundinum sjálfum og í kjölfarið.

2.2 Fyrirspurnir og beiðnir um fyrirliggjandi gögn

Í sumum tilfellum er ekki hægt að afla allra upplýsinga með fundum og venjulegum tölvupóst-samskiptum. Ástæður þess geta verið ýmsar en það kemur fyrir að aðilar séu tregir til að svara ákveðnum spurningum og/eða upplýsa um eða afhenda ákveðin gögn. Slík tilfelli eru undantekningar en ef um **stjórnvöld** er að ræða þá skiptir máli að hafa tvennt í huga: Annars vegar að lögmæti stjórnvalda byggir m.a. á því að almenningur og félagasamtök geti fengið skýr svör við málefnalegum fyrirspurnum og hins vegar að samkvæmt **upplýsingalögum** er stjórnvöldum skylt að veita almenningi aðgang að flestum fyrirliggjandi gögnum. Stjórnvöldum er jafnframt skylt að leiðbeina fólki um það hvert skuli leita til að afla tiltekinna upplýsinga.

2.3 Samantekt upplýsinga innan félagsins

Ungir umhverfissinnar eru félagasamtök sem starfa í þágu ungs fólks og því er mjög mikilvægt að halda meðlimum og stjórn upplýstum um starfsemi félagsins. Þetta á ekki síst við þær upp-

lýsingar sem aflað er í nafni hagsmunagæslu og því er mikilvægt að stuttar samantektir séu gerðar eftir hvern fund, t.d. með upplýsingum um fundaraðila, dagsetningu og helstu umræðuefni og/eða niðurstöður. Þá getur verið gott að láta vangaveltur fylgja með um hvaða næstu skref séu vænleg í hagsmunagæslunni.

Í núverandi fyrirkomulagi er notast við Facebook-nefndahópa félagsins en hvort sem það breytist eða ekki er lykilatriðið að allir meðlimir hafi jafnan aðgang að þessum upplýsingum. *Meðlimir sem eru í vafa um hvað sé átt við með hér eða finna ekki þær upplýsingar um félagið sem þau leita að skulu ekki hika við að hafa samband við stjórn og spyrja.*

3. Ljóræðisþátttaka

Hin eiginlega hagsmunagæsla snýst að miklu leyti um samskipti við stjórnvöld. Almennir borgarar hafa kosið sér fulltrúa til að fara með formleg völd ríkisins en til að ráðamenn geti sinnt hlutverki sínu vel er nauðsynlegt að þeir eigi góð samskipti við alla borgara landsins. Án samtals er ómögulegt fyrir stjórnvöld að skilja hagsmuni samfélags og náttúru og þ.a.l. hæpið að ráðamenn geti tekið góðar ákvarðanir.

Þetta samtal geta stjórnvöld skipulagt á marga mismunandi vegu en hér verður ekki fjallað sérstaklega um þann fjölbreytileika. Við viljum þó nefna að stjórnvöld þurfa ávallt að leggja áherslu á þjónustuhlutverk sitt gagnvart almenningi og náttúru, t.d. með því að huga að grundvallaratriðum á borð við **gagnsæi, valdreifingu** og **réttláta málsmeðferð**. Stjórnvöld þurfa jafnframt að vera opin fyrir málefnalegri gagnrýni og sæta eftirliti stofnana á borð við **umboðsmann Alþingis**.

Hér verður einungis fjallað almennt um helstu leiðir sem við hér á Íslandi höfum til að koma sjónarmiðum okkar formlega á framfæri við **stjórnvöld**, þ.e.: umsagnir eða athugasemdir, stjórnslukærur, dómsmál og kvartanir til **umboðsmanns Alþingis**.

3.1 Umsagnir og athugasemdir

Einfaldasta leiðin til að leggja sitt af mörkum í stefnumörkun og ákvörðunum stjórnvalda er að senda inn skriflegar umsagnir eða athugasemdir þegar slíkt er í boði. Stjórnvöld verða að taka mið af skriflegum athugasemdum og þær eru jafnframt birtar opinberlega til að stuðla að **gagnsæi**. Hér skiptir miklu máli að umsagnir séu skýrar svo stjórnvöld eigi auðveldara með að skilja inntakið. Þetta á sérstaklega við þegar málefni er tæknilegs eðlis en framsetning getur í raun haft úrslitaáhrif á það hvort stjórnvöld skilja og/eða taka mark á umsögn. Helstu tækifærin til að senda skriflegar umsagnir til stjórnvalda eru eftirfarandi:


- ~ Allir geta sent inn umsagnir um lagafrumvörp og **þingsályktunartillögur** Alþingis.
- ~ Allir geta sent in umsagnir um drög að lagafrumvörpum og **reglugerðum** á vegum **Stjórnarráðsins** (ráðuneytanna).

Einföld, hnitmiðuð og fagleg framsetning skiptir máli í umsögnum.

~ Allir geta sent inn umsagnir um **skipulagsbreytingar sveitarfélaga**, hvort sem það eru breytingar á deiliskipulagi, **aðalskipulagi** eða **svæðisskipulagi**. Það sama gildir um breytingar á **Landsskipulagsstefnu**, sem er í umsjá Skipulagsstofnunar á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Umsagnirnar eru mismunandi eftir því til hvers þær berast en mikilvægt er að á þeim komi fram:

- ~ Hver sendir umsögnina
- ~ Til hvers hún berst
- ~ Tilvísun í málið sem um ræðir
- ~ Dagsetning
- ~ Undirskrift er ekki nauðsynleg en gefur umsögninni meira traust þar sem sá sem skrifar undir er ábyrgur fyrir umsögninni og ætti að geta svarað spurningum er hana varða.



Stundum er hægt að senda umsagnir inn með tölvupósti en í öðrum tilfellum er notast við sérstakar vefsíður, eins og t.d. **Samráðsgátt** íslenskra stjórnvalda. Yfirleitt fylgja leiðbeiningar á vefsíðu yfirvaldsins sem um ræðir. Ef vafi liggur á um hvar hægt sé að skila inn umsögn um ákveðið málefni er tilvalið að spurja viðkomandi stjórnvald eða aðra meðlimi, t.d. í Facebook hóp félagsins.

3.2 Stjórnslukærur

Þegar stjórnvöld hafa tekið ákvarðanir, t.d. með útgáfu **framkvæmdaleyfis**, er almenningi heimilt að kynna sér ákvörðunina og hvaða rökstuðningur liggur að baki. Ef maður telur að stjórnvald hafi brotið lög við ákvörðun sína, t.d. með því að undirbúa hana ekki nógu málefnalega, þá hefur almenningur rétt á því að stjórnvöld endurskoði ákvörðunina. Í sumum tilfellum þarf að kæra slíkt til viðkomandi **ráðherra** en í mörgum tilfellum fer kæran til kærunefndar sem hefur sjálfstæði frá ráðherra. Þetta er gert til að óháður aðili endurskoði ákvörðunina. Dæmi um slíkar nefndir eru Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Slíkum kærum fylgir enginn málskostnaður en það er mikilvægur þáttur í því að tryggja aðgang almennings að **réttlátri málsmeðferð**. Kærunefndir leiðbeina um hvort og hvernig hægt sé að vísa deilumálum til þeirra.

3.3 Dómsmál

Hægt er að vísa öllum deilumálum til dómstóla en stundum er skilyrði að búið sé að beita öllum tækifærum til að kæra innan **stjórnsýslunnar**. Dómsmálum fylgir yfirleitt talsverður málskostnaður en það er engu að síður mikilvægt í lýðræðisríki að geta leitað til dómstóla þegar ágreiningur er um hvort stjórnvöld hafi farið eftir **landslögum**.

3.4 Kvartanir til umboðsmanns Alþingis

Til viðbótar við fyrrgreind úrræði er í mörgum tilfellum hægt að kvarta til umboðsmanns Alþingis en hlutverk hans er að hafa eftirlit með stjórnslu ríkis og **sveitarfélaga** og tryggja rétt einstaklinga gagnvart stjórnvöldum landsins. Álit umboðsmanns hafa ekki bindandi réttaráhrif sem þýðir að stjórnvöldum er ekki skylt að fara eftir þeim en þau hins vegar bera mikla virðingu fyrir því og breyta oftast rétt í samræmi við álit umboðsmanns. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að halda þýðingarmiklum málum til streitu því álit umboðsmanns geta haft áhrif á þróun laga, stjórnkerfis og jafnvel **stjórnarskrár**.

4. Áhrif á samfélagsumræðu með miðlun uppþsinga

Sögur eru besta leiðin til að miðla upplýsingum til fólks á einfaldan hátt. Frásagnir hafa ótal birtingamyndir en í tilfelli Ungra umhverfissinna höfum við t.d. notast við blaðagreinar, viðburði, sjónvarpsviðtöl, framhaldsskólakynningar, loftslagsverkfall og samfélagsmiðla. Möguleikarnir eru endalausir en það sem við verðum ávallt að hafa í huga er spurningin: hvaða sögu erum við að segja? Sagan getur t.d. verið um starfsemi félagsins almennt, einstök verkefni félagsins eða hvaða málaflokkar þurfi að komast meira á dagskrá í samfélaginu. Sagan getur líka verið persónuleg saga einstaklings, t.d. hvernig viðkomandi hreifst fyrst af **umhverfismálum** og hvers vegna þau skipta viðkomandi máli. Nýleg dæmi úr starfi félagsins eru viðburðir þar sem við fjölluðum um tengsl umhverfismála við **jafnréttismál** (í samstarfi við **Ungar athafnakonur**) og **geðheilbrigðismál** (í samstarfi við **Hugrónu geðfræðslufélag**). Dæmi um frásögn á alþjóðavettvangi er pallborð hins alþjóðlega tengslanets ungmenna um Norðurljóðir (*Arctic Youth*

Network, AYN) á loftslagsráðstefnu **Sameinuðu þjóðanna** (COP24) um hvernig **loftslagsmál, náttúruvernd og menningarlegt jafnrétti** tengjast innbyrðis.

4.1 Hver er markhópurinn?

Þegar við segjum sögur er ekki bara mikilvægt að ihuga hverju við viljum koma á framfæri, heldur einnig hvaða aðila innan **stýrinetsins** við viljum tala til. Viljum við t.d. fræða Alþingisþingmenn um hvers vegna ákveðið **lagafrumvarp** er skaðlegt eða viljum við fræða almenning um hvernig best sé að búa til moltu? Kannski viljum við upplýsa **atvinnulíf** um hvernig best sé að kolefnisjafna eða vekja athygli annarra félagasamtaka á því hvernig málefnasvið okkar tengjast. Allt veltur þetta á því hvaða markmið við setjum okkur.

4.2 Hver segir söguna?

Rétt eins og það skiptir máli hver markhópurinn er, þá er einnig mikilvægt að huga að því hver segir söguna. Er best að við, Ungir umhverfissinnar, segjum söguna einsömul eða er tilefni til að sækjast eftir samstarfi við aðra aðila?

4.3 Hvernig er sagan sögð?

Mikilvægt er að frásögn einkennist af nærgætni og virðingu gagnvart ólíkum hópum samfélagsins. Það þýðir þó ekki að við ættum að leyfa öfgum og óréttlæti að vaða uppi í skjóli tjáningarfrelsis og við þurfum ávallt að vera tilbúin með málefnalega og yfirvegaða gagnrýni þegar þess gerist þörf. Samfélagið er stórt og ef ná á til fjölda hópa er mikilvægt að fjalla um málefni sem skipta alla máli.

4.3.1 Mótmæli

Stundum nægir ekki að fylgja hefðbundnum ferlum og grípa þarf til annara ráða. Þar er notast við aðferðir sem rekja má til hugmyndafræðinnar um **borgaralega óhlýðni** sem í stuttu máli snýst um að brjóta óréttlát lög og/eða reglur samfélagsins til þess að benda á vandamál og krefjast úrbóta.²

Þá getur verið gott að notast við ákveðna útfærslu borgaralegrar hreyfingar sem kallast **borgaraleg viðspyrna**. Þar er meginreglan að beita ekki við ofbeldi í mótmælum sínum, hvorki líkamlegu, andlegu né í formi eignarspjalla. Mótmæli án ofbeldis geta verið ýmis konar svo sem verkföll, sniðganga ákveðinna vara, listgjörningar á almannafæri og svo mætti lengi telja. Ástæða þess að það gefur betri árangur að beita ekki ofbeldi er tvíþætt. Annars vegar vegna þess að þá er erfiðara að skjóta niður gagnrýnina sé hún málefnaleg. Hins vegar vegna þess að þá er auðveldara fyrir þá sem sæta gagnrýninni að treysta og nálgast mótmælendur, enda hafi þeir sýnt góða og málefnalega hegðun.

Það eru forréttindi að hafa möguleikann á því að nýta borgaralega viðspyrnu en í mörgum löndum er þessu mætt af óeðlilegri hörku af hálfu lögreglu og **stjórnvalda**. Hafi einhver ásetning um að brjóta lög í andspyrnu sinni er mikilvægt að lesa sér vel til um hvernig á að bera sig að, t.d. ef maður er handtekinn. Ekki verður fjallað nánar um slík mótmæli í þessari bók en Ungir umhverfissinnar hafa enga reynslu á því sviði. **Extinction Rebellion** hafa sem dæmi

² Stephan, M. J., & Chenoweth, E. (2008). Why Civil Resistance Works: The Strategic Logic of Nonviolent Conflict. *International Security*, 33(1), 7–44.

Fudge, Judy and Glasbeek, Harry J. „Civil Disobedience, Civil Liberties, and Civil Resistance: Law's Role and Limits.“ *Osgoode Hall Law Journal* 41.2/3 (2003) : 165-174.

skipulega komið sér í aðstæður þar sem þau eru handtekin í sínum mótmælum og skrifað um það leiðbeiningar.

Ungir umhverfissinnar hafa engu að síður gegnt mikilvægu hlutverki innan umræðunnar á Íslandi með því að taka þátt í að skipuleggja loftslagsmótmælin sem haldin hafa verið á hverjum föstudegi síðan í lok febrúar 2019 undir formerkjum **Fridays for Future** Ísland, ásamt því að skrifa greinar um viðfangsefnið.

Innblástur til aðferða við loftslagsmótmælin eru meðal annars sóttur í bók **Extinction Rebellion (XR)** hreyfingarinnar, eða byltingar gegn útrýmingu, sem varð til í Bretlandi en nafnið vísar til aukins útdaða dýrategunda. Hreyfingin er nátengd **Fridays for Future** hreyfingunni og hafa þær unnið saman. Í bók þeirra má finna nokkur góð ráð um það hvernig aðgerðir og mótmæli hafa sem mest áhrif.

Í tilfelli loftslagsverkfallana á Íslandi hafa Samband íslenskra framhaldsskólanema, Landsamband íslenskra stúdenta, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Ungir umhverfissinnar og ýmsir einstaklingar verið forsprakkar hreyfingarinnar. Verkföllin hafa staðið yfir í meira en ár þegar þessi handbók kemur út og tónlistarmenn, leikarar og umhverfisaðgerðarsinnar úr öllum áttum hafa lagt hreyfingunni lið. Hreyfingin hefur einnig fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum ásamt því að fá nokkrar viðurkenningar.

BORGARALEG VIÐSPYRNA

(CIVIL RESISTANCE)

Til að aðgerðir hafi sem mest áhrif er gott að hafa nokkur atriði í huga:

FJÖLDI.

Því fleiri sem taka þátt því meiri áhrif hafa aðgerðirnar.

ÁHRIFARÍK STAÐSETNING.

Til að gjörningur hafi tilætluð áhrif þarf fólk að taka vel eftir honum. Ef það á að loka vegi þarf það að vera fjölfarinn vegur og mótmæli eru best á stað þar sem stjórnmalamenn taka eftir. Til dæmis fyrir utan alþingishúsið.

EKKERT OFBELDI.

Ef einhverjir úr hópnum beita ofbeldi eða eignarspjöllum þá missir málstaðurinn marks.

ÞRAUTSEGJA.

Aðgerðir þurfa að vera reglubundnar til að hafa áhrif.

GAMAN.

Það er mun erfiðara að binda endi á mótmæli ef mótmælendur eru að skemmta sér. Til dæmis er hægt að spila tónlist og dansa eða syngja eða jafnvel hittast og borða saman og spjalla.

Markmiðið með slíkum aðgerðum er þó alltaf að trufla hefðbundinn gang hversdagsleikans til þess að koma skilaboðum á framfæri og krefjast úrbóta.



4.3.2 Fjölmíðlar

Félagið hefur orðið meira áberandi eftir því sem það hefur vaxið og m.a. nýtt sér fjölmíðla til greinarskrifa. Hver sem er getur sent inn skoðanagreinar en til þess að þær komi til gagns þurfa þær að vera um eitthvað sem skiptir miklu máli. Það er mismunandi hversu langan tíma það tekur fyrir greinar að birtast eftir að þær hafa verið sendar inn, svo það er mikilvægt að gera ráð fyrir því ef þær eru háðar einhverjum sérstökum tímaramma. Greinar eru allt öðruvísi en umsagnir til **stjórnvalda**. Gera verður ráð fyrir að lesendur séu ókunnugir málefnum og þær þurfa að vera mjög stuttar, hnitmiðaðar, byggðar á gögnum og talaðar frá hjartanu.

Það hefur einnig færst í aukana að fjölmíðlar, jafnvel erlendir, biðja um að fá að taka viðtal við félags- eða stjórnarmenn. Það er auðvitað frábært en þar ber að hafa í huga að:

- ~ sá sem veitir viðtalið hafi kynnt sér málefnið.
- ~ þrátt fyrir að formaður félagsins sé í samþykktum skilgreindur sem talsmaður þess þá getur oft verið að aðrir félagsmenn séu heppilegri talsmenn varðandi ákveðin málefni.
- ~ ekki sé verið að notfæra sér félagasamtökin til að auglýsa verkefni sem félagið tók engan þátt í að framkvæma og eru mögulega grænþvottur. Til dæmis þá er ekki tilgangur félagsins að auglýsa umhverfisvænar vörur fyrir einstaka aðila þótt það geti verið eðlilegt að vekja athygli á umhverfisvænum lausnum fyrir neytendur almennt.

5. Hagsmunagæsla fyrir umhverfið á heimsvísu

Þessi handbók hefur á einfaldan hátt gefið yfirsýn um hvernig Ungir umhverfissinnar hafa sinnt hagsmunagæslu fyrir umhverfið á síðastliðnum árum. Aðferðafræðin er enn skammt á veg komin en með útgáfu handbókarinnar er vonast til þess að samtal um aðferðafræði geti átt sér

stað á viðum grundvelli, bæði innan Íslands og á alþjóðavettvangi. Fólk um allan heim er að vinna að hagsmunagæslu fyrir umhverfið, á mismunandi vegu við mismunandi aðstæður, og við erum sannfærð um að með því að deila þessari handbók munum við öll eiga auðveldara með að ræða hvernig best sé að vinna að samstilltri og hnattrænni hagsmunagæslu fyrir umhverfið.

Lokaorð

Þar sem þessi handbók er hugsuð sem vegvísir er vert að nefna að það þarf ekki að læra alla þessa hluti utan að áður en farið er af stað í hagsmunagæslu. Það þurfa ekki allir að vera sérfræðingar til þess að láta verkin tala og við þurfum að vera óhrædd við að tjá okkar skoðun. Það sem hrjáir ungt fólk oft á tíðum er einmitt skortur á sjálfstrausti og því er mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér og muna að skoðun þín skiptir máli. Það verða ávalt raddir sem segja að ungt fólk þekki ekki nógu vel til og hafi of litla reynslu til að skilja um hvað hlutirnir snúast. Besta leiðin til þess að afla sér reynslu í hagsmunagæslu er nefnilega að prófa sig áfram og vera tilbúinn að læra af mistökum. Það er mikilvægt að ungt fólk beiti sér fyrir því sem það trúir á og það er gott að nýta styrkinn sem felst í því að ungt fólk hugsar oft málefni út frá nýju og fersku sjónarhorni. Góð viðhorf skipta lykilmáli, eins og t.d. viljinn til þess að skilja alla aðila sem koma að borðinu og að vera óhræddur við að segja það sem manni finnst. Með því að þjálfa sig upp í þessu verður maður jafnframt betri í svo mörgu öðru; að tala fyrir framan hópa, að eiga samskipti við alls kyns aðila og að lesa sér til gagns en fyrst og fremst í því að hafa trú á sjálfum sér. Við megum ekki leyfa samfélaginu að staðna. Skoðun hvers og eins okkars skiptir máli og með réttu tólin í höndunum getum við virkilega haft áhrif.





Atrīdīs- ordā- skrā

05



Aðalskipulag

BLS 21

Skipulagsáætlun sem nær yfir allt yfirráðasvæði sveitarfélags. Öll sveitarfélög verða samkvæmt lögum að hafa aðalskipulag en þrátt fyrir það er eitt sveitarfélag á Íslandi sem hefur ekki enn unnið aðalskipulag. Aðalskipulag inniheldur kort af öllu svæðinu (sveitarfélagsuppdráttur), greinargerð sem lýsir skipulaginu nánar og umhverfisskýrslu sem lýsir umhverfisáhrifum skipulagsins.

Alþingi

BLS 9, 10, 11, 20, 21

Sú stofnun íslenska ríkisins sem hefur löggjafarvaldið. Stofnað á Þingvöllum árið 930 en er nú staðsett í Reykjavík.

Alþingismaður

BLS 9

Einn af 63 lýðræðislega kjörnum fulltrúum sem sitja á Alþingi og hafa vald til að breyta landslögum.

Atvinnulífið

BLS 6, 9, 22

Sá hluti samfélagsins sem snýr að atvinnustarfsemi, t.d. rekstri fyrirtækja og störfum sem einstaklingar þiggja laun fyrir.

Borgaraleg óhlýðni

BLS 22

Aðferðarfræði sem snýst um að brjóta óréttlát lög og/eða reglur samfélagsins til þess að benda á vandamál og krefjast úrbóta.

Borgaraleg viðspyrna

BLS 22

Sérstök aðferðarfræði borgaralegrar óhlýðni sem snýst að mestu um að vekja athygli á málefni án þess að beita ofbeldi.

Deiliskipulag

BLS 21

Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði innan sveitarfélags, sem lýsir nákvæmari útfærslu fyrir afmarkaða svæðið.

Einkageirinn

BLS 16

Fyrirtæki og starfsemi í hagnaðarskyni sem eru ekki í eigu eða undir stjórn hins opinbera (ríkisins).

Evrópska efnahagssvæðið (EES)

BLS 11

Sameiginlegt markaðssvæði ríkja Evrópusambandsins og flestra ríkja innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Ísland á aðild að EFTA og EES. EES-samningurinn tók formlega gildi 1. janúar 1994. Sameiginlegt markaðssvæði þýðir að allir innan aðildarríkjanna geta stundað frjáls vöru- og þjónustuviðskipti, frjálsa fjármagnsflutninga og haft sameiginlegan vinnumarkað.

Extinction Rebellion

BLS 22

Alþjóðleg hreyfing sem berst fyrir loftslagsmálum.

Forsetaúrskurður

BLS 10

Bindandi ákvörðun forseta, t.d. um hverjir skuli vera ráðherrar í ríkisstjórn og hvaða málefni skuli heyra undir hvern ráðherra og hans ráðuneyti.

Framkvæmdaleyfi

BLS 21

Leyfi frá stjórnvöldum til að ráðast í tiltekna framkvæmd. Framkvæmdir þurfa að samræmast skipulagsáætlunum stjórnvalda, einkum aðal- og deiliskipulagi. Stærri framkvæmdir eru jafnframt yfirleitt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdavaldið

BLS 10

Þeir aðilar sem bera ábyrgð á stjórnslu, þ.e. ráðherrar og sveitarstjórnir. Hugtakið er einnig notað um valdið sem þessir aðilar beita við framkvæmd stjórnsluverkefna sinna.

Fridays for Future

BLS 16, 22

Alþjóðleg hreyfing sem snýst um að mótmæla aðgerðaleysi í loftslagsmálum. Nafnið vísar til þess að á hverjum föstudegi um allan heim safnast ungt fólk saman til að vekja athygli á málstaðnum.

Frjáls félagasamtök

BLS 6, 11, 15, 19

Sjá „Þriðji geirinn / frjáls félagasamtök“.

Gagnsæi

BLS 12, 15, 20, 21

Starfsemi stjórnvalda er gagnsæri eftir því sem auðveldara það er fyrir almenning að kynna sér ákvarðanatöku og fá upplýsingar um hvað sé gert og hvers vegna.

Greinargerð lagafrumvarps

BLS 11

Almennar athugasemdir sem útskýra forsögu, tilgang og innihald lagafrumvarps.

Gróðurhúsarlofttegundir

BLS 9

Geislar frá sólinni lenda á jörðinni og hita hana upp en endurkastast síðan aftur út í geim. Í loftþjúp jarðarinnar eru gróðurhúsalofttegundir eins og t.d. koldíoxíð (CO₂), metan (CH₄) og óson (O₃) sem draga úr því að geislarnir sleppi aftur út í geim og hækka þ.a.l. hitastig jarðar. Of mikil aukning á gróðurhúsalofttegundum veldur hnattrænni hlýnun.

Hagkerfi

BLS 15

Vettvangur þar sem vörur og þjónusta verða til, er dreift milli svæða og skiptast milli aðila. Yfirleitt er átt við um hagkerfi ákveðins ríkis, heimshluta eða alls heimsins (alþjóðahagkerfið).

Hagsmunaaðili (Hagaðili)

BLS 19, 20

Aðili sem hefur hagsmuna að gæta varðandi tiltekið málefni eða viðfangsefni, t.d. landeigandi þar sem virkjun á að rísa eða umhverfisverndarsamtök þegar náttúran getur orðið fyrir breytingum.

Hollustuvernd

BLS 11

Starfsemi sem snýr að því að tryggja fólki heilnæm lífsskilyrði, t.d. gegn skaðlegri mengun og smitsjúkdómum.

Hringrásarhagkerfi

BLS 15

Hagkerfi sem einkennist af því að vörur sem hafa lokið líftíma sínum, t.d. ónýtt húsgögn eða raftæki, nýtist sem hráefni í nýjar vörur í stað þess að verða að úrgangi sem þarf að farga og „hverfur“ úr hagkerfinu. Þessi hugmyndafræði er gerð til að bregðast við þeirri gífurlegu sóun sem hefur einkennt alþjóðahagkerfið síðastliðna öld.

Innviðamál

BLS 6

Málefni sem tengjast innviðum, þ.e. hlutum sem samfélagið skapar til að gera líf fólks auðveldara og öruggara. Innviðir geta t.d. verið vegir, vatnsleiðslur, farsímakerfi, skólar og spítalar.

Jafnréttismál

BLS 9, 21

Málefni sem tengjast því hvernig samfélagið vinnur að því að fólk hafi jöfn tækifæri og réttindi óháð kyni, líkamsgetu, uppruna, efnahag og fleiru sem getur haft áhrif á stöðu fólks innan samfélagsins.

Kolefnishlutleysi

BLS 9

Ýmsar athafnir manna valda því að lofttegundir á borð við koldíoxíð (CO₂) losna út í andrúmsloftið. Dæmi um þetta eru framleiðsla steypu og akstur bensín- og dísilbíla. Í of miklu magni hefur þessi útblástur neikvæðar afleiðingar á borð við hlýnun jarðar og súrnun sjávar. Til að draga úr þessum áhrifum er hægt að binda koldíoxíð úr andrúmsloftinu, t.d. með því að planta trjám og endurheima votlendi. Kolefnishlutleysi er það þegar aðili, t.d. einstaklingur, fjölskylda, fyrirtæki eða heimsbyggðin, passar að losun koldíoxíðs af hans völdum sé ekki meiri en binding koldíoxíðs.

Lagafrumvarp / frumvarp

BLS 10, 11, 22

Tillaga að nýjum lögum sem Alþingi getur samþykkt að verði hluti af landslögum.

Landssamband Ungmennafélaga (LUF)

BLS 16, 19

Regnhlífarsamtök fyrir félagasamtök ungs fólks á Íslandi. Markmið LUF er að starfa í þágu aðildarfélaganna en þau eru 32 talsins (árið 2020).

Landsskipulagsstefna

BLS 21

Heildarstefna íslenska ríkisins um skipulagsmáli á Íslandi. Hún skiptist í fjóra hluta: 1. skipulag á miðhálandi Íslands, 2. skipulag í dreifbýli, 3. búsetumynstur og dreifingu byggðar, og 4. skipulag á haf- og strandsvæðum.

Landvernd

BLS 9, 16

Frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.

Lög / Landslög / Löggjöf

BLS 9, 10, 11, 16, 21

Lög sem allir í landinu verða að fylgja.

Lögsaga

BLS 11

Allt það svæði sem fellur undir stjórn tiltekins ríkis, bæði á sjó og landi.

Mat á umhverfisáhrifum

BLS 10

Ferli þar sem umhverfisáhrif mannvirkis eða framkvæmdar eru metin á málefnalegan hátt og hagsmunaaðilar, þ.m.t. almenningur, fær að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Mælanlegur árangur

BLS 19

Árangur sem auðvelt er að mæla eins og t.d. fjöldi meðlima, fjöldi menntaskólakynninga, fjöldi umsagna sem félagið sendir frá sér, hlutfall unninna kærumála og fjöldi fjölmiðlaumfjallana.

Óafturkræfur umhverfisskaði

BLS 19

Skaði á umhverfi og náttúru sem aldrei verður tekinn til baka, t.d. eyðilegging einstakra jarðmyndana með stíflugerð.

Stjórnarvaldsákvörðun

BLS 21

Einhliða ákvörðun stjórnvalds sem kveður á um rétt eða skyldu aðila í afmörkuðu tilfelli eða samhengi. Ekki það sama og almenn fyrirmæli á borð við lög og reglugerðir. Dæmi um stjórnvaldsákvörðun, sem kemur oft fyrir í umhverfismálum, er framkvæmdarleyfi sem sveitarstjórnir veitir framkvæmdaraðila fyrir ákveðnu verkefni á tilteknum tíma.

Skipulagsmál

BLS 6

Umræður og ákvarðanir um hvernig megi nýta land og sjó, t.d. hvar og hvernig megi byggja hús og vegi.

Skipulagsbreyting

BLS 21

Breyting stjórnvalda á skipulagsáætlun, ýmist landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, aðalskipulagi, deiliskipulagi eða haf- og strandsvæðaskipulagi.

Skipulagsáætlun

BLS 25

Áætlun stjórnvalda um hvernig nýta megi land og/eða sjó á mismunandi svæðum. Á Íslandi eru þetta landsskipulagsstefna, svæðisskipulag, aðalskipulag, deiliskipulag og haf- og strandsvæðaskipulag.

Ráðherra

BLS 9, 10, 21

Einstaklingur sem situr í ríkisstjórn landsins og ber ábyrgð á framfylgd landslaga varðandi ákveðin málefnavið. Á Íslandi er Forsætisráðherra í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn landsins.

Ráðuneyti

BLS 10

Stofnun sem heyrir beint undir ráðherra og sinnir hans verkefnum.

Reglugerð

BLS 9, 10, 21

Nánari útfærsla ráðherra á því hvernig framkvæma skuli ákveðin lög.

Réttlát málsmeðferð

BLS 11, 20, 21

Aðgangur að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum ein af þremur grunnstoðum Árósasamningsins (9. grein). Þetta felur í sér að almenningur og félagasamtök eigi rétt á því að 1. knýja fram endurskoðun á ákvörðun stjórnvalds um að synja aðgangi að gögnum, 2. knýja fram endurskoðun leyfisveitingar (t.d. með því að geta kært framkvæmdaleyfi), og 3. kæra almenn brot á lögum sem tengjast umhverfisvernd. Þessi málsmeðferð skuli jafnframt vera réttlát, afgreidd innan sanngjarns tímaramma og ekki of kostnaðarsöm fyrir hinn almenna borgara.

Ríkið / Íslenska ríkið

BLS 11, 15

Yfirvöld á Íslandi, þ.e. Alþingi, forseti, ríkisstjórn og dómstólar.

Ríkisstjórn

BLS 26

Ráðherrar landsins, sem eru skipaðir af forseta og bera ábyrgð á framkvæmd landslaga. Ríkisstjórn verður að hafa stuðning meirihluta Alþingis.

Ríkisvald

BLS 10

Völd til að stjórna málefnum innan lögsögu ríkis. Þetta getur verið vald til að setja ný lög, framfylgja núverandi lögum og dæma um ágreiningsmál í samræmi við gildandi lög.

Sameinuðu þjóðirnar (SP)

BLS 9, 11, 15, 22

Alþjóðasamtök sem eru samstarfsvettvangur sjálfstæðra ríkja í heiminum en aðildarríki eru 193 (árið 2020). Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar árið 1945 í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar, með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari stríð í framtíðinni. Samtökin skiptast í sex stofnanir: allsherjarþingið, öryggisráðið, efnahags- og félagsmálaráðið, gæsluverndarráðið, aðalskrifstofuna og alþjóðadómstólinn.

Samfélagsmál

BLS 6, 15, 21

Málefni sem tengjast því hvernig hópar fólks hegða sér og lifa lífinu, t.d. fjölskyldur, þjóðir og allt mannkynið.

Stjórnarráð Íslands

BLS 10, 21

Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra. Æðstu stjórnvöld framkvæmdavaldsins.

Stjórnarskrá

BLS 10, 21

Æðstu lög lands, sem öll önnur lög verða að byggja á og samræmast. Stjórnarskrá kveður á um í grundvallaratriðum hvernig landinu skuli stjórnað og t.d. hvernig völdum sé skipt.

Stjórnmál

BLS 6

Málefni sem tengjast því hvernig ákvarðanir eru teknar og þeim framfylgt, t.d. innan hópa á borð við samtök, þjóðríki og alþjóðasamfélagið.

Stjórnsýsla (Opinber stjórnsýsla)

BLS 9, 10, 11, 21

Starfsemi stjórnvalda sem snýst um að framfylgja landslögum.

Stjórnvöld / Stjórnvald

BLS 6, 9, 10, 11, 15, 16, 20, 21, 22, 23

Þeir aðilar sem framfylgja lögum og reglum landsins, t.d. ráðherrar, ríkisstofnanir, lögregla og sveitarstjórnir.

Stýrinet (tengslanet í stjórnsýslu)

BLS 6, 9, 12, 15, 16, 19, 20, 22, 23

Fræðileg nálgun til að lýsa því hvernig málaflökkum er stjórnað, t.d. málaflökki umhverfismála. Snýst um að kortleggja alla aðila og hópa sem hafa áhrif á málaflökkinn en ekki bara stjórnvöld sem setja lög og reglur. Byggir á því að stjórn málaflokksins hafi eiginleika flókinn kerfis (e. complex system).

Sveitarfélag

BLS 10, 11, 21

Staðbundið stjórnvald sem hefur ákveðið sjálfstæði gagnvart ríkinu og heyrir ekki beint undir Stjórnarráðið. Sveitarfélagi er stjórnað af sveitarstjórn sem er lýðræðislega kjörin af íbúum þess. Á Íslandi eru 72 sveitarfélög (í byrun árs 2020).

Sveitarstjórn

BLS 9, 10, 15

Lýðræðislega kjörnir fulltrúar sem fara með stjórn sveitarfélags.

Svæðisskipulag

BLS 21

Sameiginleg skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Sveitarfélög ráða sjálf hvort þau gera svæðisskipulag og þá með hvaða öðrum sveitarfélögum.

Umboð

BLS 16

Hugtakið umboð getur haft ólíka þýðingu eftir samhengi. Í 3. kafla er tekið dæmi um að stjórn félagasamtaka geti falið einstökum meðlimum umboð, t.d. til framboðs á vegum félagsins. Þetta felur í sér formlegt leyfi til að sinn afmörkuðu hlutverki í nafni félagsins. Þegar stjórn er kjörin á aðalfundi veita félagsmenn stjórnarmeðlimum á samskonar háttum umboð til að stýra félaginu.

Umboðsmaður Alþingis

BLS 11, 20, 21

Stofnun sem heyrir beint undir Alþingi og hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Umboðsmaður gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft og að stjórnsýsla fari fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Almennigur og frjáls félagasamtök geta kvartað til Umboðsmanns ef þau telja að stjórnvöld hafi ekki farið að lögum og reglum við afgreiðslu mála.

Umhverfismál

BLS 6, 9, 10, 11, 15, 16, 19, 20

Málefni sem tengjast því hvernig mannkyn umgengst og hefur áhrif á umhverfið og hvaða afleiðingar það hefur, t.d. með því að taka efni úr náttúrunni til að reisa hús.

Valldreifing

BLS 20

Þegar völdum er dreift þannig að einstakir aðilar hafa takmörkuð völd. Þetta er t.d. gert til að koma í veg fyrir að einstakir aðilar hafi of mikil völd eða til að valdhafar séu í betri aðstöðu til að sinna skyldu sinni, líkt og þegar sveitarfélög veita þjónustu í nærsamfélaginu sem krefst þekkingar á staðháttum.

Þingmál

BLS 11

Mál sem lagt er fyrir Alþingi, t.d. lagafrumvarp eða þingsályktunartillaga.

Þingsályktunartillaga / Þingsályktun

BLS 21

Tillaga að nýrri þingsályktun sem Alþingi getur samþykkt og þ.a.l. gefið út frá sér. Þingsályktanir hafa ekki sama vægi og lög en geta engu að síður haft mikil áhrif á stefnu stjórnvalda, t.d. með því að mæla fyrir um að ný lög skuli gerð um ákveðið málefni.

Þriðji geirinn / Frjáls félagasamtök

BLS 6, 9, 11, 15, 19

Starsfemi sem er hvorki hluti af hinu opinbera né einkageiranum, t.d. umhverfisverndarsamtök, húsfélög, stéttarfélög, íþróttafélög, góðgerðarsamtök og önnur sjálfbóðaliðasamtök. Með öðrum orðum félög þar sem hópur fólks kemur saman til að ná fram ófjárhagslegum markmiðum þess.

Þverpólísk nálgun

BLS 19

Að styðja ekki sérstaklega við neitt ákveðið stjórn málaafli.



Ungir
Umhverfissinnar